

An aerial photograph of a coastal town and harbor. The town is built on a peninsula, with a large harbor area in the foreground. The harbor is filled with water and has several piers and buildings along the shore. In the background, there are large, flat-topped mountains under a clear blue sky. The text "Ársreikningur 2020" is overlaid on the right side of the image.

# Ársreikningur 2020

27. apríl 2021




# Samstæðureikningur

## • Rekstrartekjur

- Rekstrartekjur samstæðu á árinu 2020 námu samtals kr. 8.153 m.kr. og aukast um 1,3% milli ára.
- Þar af hækka útsvar og fasteignaskattar um rúmar 66 m.kr. eða sem nemur 1,1%.
- Framlög jöfnunarsjóðs lækka um rúmar 130 m.kr. (-9,4%) og aðrar tekjur aukast um 42 m.kr. (1,3%).
- Meðaltekjuvöxtur kaupstaðarins á árunum 2014-2020 nemur 7,2% og er því tekjuvöxtur ársins (1,3%) talsvert undir meðaltali síðustu ára.

### Þróun rekstrartekna







# Launagreiðslur til útsvarsgreiðenda á Akranesi

Lækkun launagreiðslna um 727 m.kr. og hækkun atvinnuleysisgreiðslna um 557 m.kr. á milli ára

## Launagreiðslur og atvinnuleysisgreiðslur á Akranesi 2008-2020



## Launagreiðslur á Akranesi árstíðarleiðréttar 2018-2020







# Þróun launagreiðslna og fjölda launþega

Launagreiðslur á uppleið seinnihluta árs 2020 þó launþegum fjölgi ekki og töpuð störf um 200

## Launagreiðslur 2008-2020 samanburður Akraneskaupstaðar og Reykjanesbær



## Fjöldi launþega 2008-2020 samanburður Akraneskaupstaðar og Reykjanesbær







# Þróun launagreiðslna og fjölda launþega

Í einkennandi greinum ferðapjónustu skýra 235 m.kr. (32,3%) lækkun launagreiðslna og milli 80-100 töpuð störf (40-50%)

## Launagreiðslur í ferðapjónustu 2008-2020 samanburður Akraneskaupstaður og Reykjanesbær



## Fjöldi launþega í ferðapjónustu 2008-2020 samanburður Akraneskaupstaður og Reykjanesbær






# Samstæðureikningur

## • Rekstrargjöld

- Rekstrargjöld samstæðu á árinu 2020 námu samtals, að meðtöldum afskriftum, kr. 8.380 m.kr. og aukast um 9,8% milli ára.
- Þar af hækka launagjöld án lífeyrisskuldbindinga um 499 m.kr. eða sem nemur 10%.
- Lífeyrisskuldbinding hækkar um 62,8 m.kr. eða sem nemur 19,1% og annar rekstrarkostnaður hækkar um 163 m.kr. (7,8%). Afskriftir aukast um 20,5 m.kr. milli ára eða 9,3%.
- Rekstrargjöld, án afskrifta, aukast því um kr. 724 m.kr. milli ára en rekstrartekjur aukast á sama tíma um 108 m.kr. og eru því rekstrargjöld að aukast um 616 m.kr. umfram rekstrartekjur á tímabilinu.

Próun rekstrargjalda






# Samstæðureikningur

## • Rekstrarafkoma

- Rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði er neikvæð sem nemur 21,3 m.kr. á árinu 2020 en var jákvæð sem nam 621 m.kr. á árinu 2019.
- Á árunum 2017 til og með 2019 var rekstrarafkoma jákvæð, fyrir óreglulega liða, að meðaltali 692 m.kr.
- Því er um verulegan viðsnúning að ræða á síðastliðnum þremur rekstrarárum þar sem hlutfall rekstrarafkoma af rekstrartekjum, fyrir óreglulega liði á árinu 2020 er neikvætt um 0,3%. Á árunum 2017 til og með 2019 er hlutfallið að meðaltali 9,2% og hefur verið á bilinu 7,7% til 10,3% sem hlutfall af rekstrartekjum.

Þróun rekstrarafkomu fyrir óreglulega liði






# Samstæðureikningur

- Rekstrarafkoma

- Rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, er jákvæð sem nemur 133 m.kr. á árinu 2020.
- Óreglulegir liðir á árinu 2020 voru tekjur vegna gatnagerðargjalda v. þéttingu byggðar sem námu 154,4 m.kr.
- Rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, á árinu 2019 nam 656 m.kr. en þar voru óreglulegir liðir 34 m.kr.








# Samstæðureikningur

## • Þróun efnahagsreiknings

- Heildareignir í árslok nema 14.844 m.kr. og lækka því um 195 m.kr. milli ára.
- Þar af aukast fastafjármunir um 302 m.kr. og skammtímakröfur lækka um 2,7 m.kr.
- Handbært fé lækkar um 494 m.kr.
- Skuldir og skuldbindingar samstæðu í árslok nema 6.449 m.kr. og lækka um 311 m.kr. milli ára.
  - Skuldir við lánastofnanir eru í árslok 1.056 m.kr. og lækka um 173 m.kr.
  - Lífeyrisskuldbinding nemur í árslok 3.775 m.kr. og lækkar um 187 m.kr. frá fyrra ári.
- Eigið fé í árslok nemur 8.395 m.kr. og er eiginfjárlutfall í árslok 59% og hækkar því um 2,0% frá fyrra ári.






# Samstæðureikningur

- Þróun lífeyrisskuldbindingar

- Lífeyrisskuldbinding nemur í árslok 3.775 m.kr. og lækkar um 187 m.kr. frá fyrra ári.
- Á árinu 2020 var greitt inn á lífeyrisskuldbindingu 551 m.kr. eða 285 m.kr. meira en á árinu 2019.






# Samstæðureikningur



## • Sjóðstreymi

- Handbært fé frá rekstri á árinu nemur 997 m.kr. og lækkar því um rúmar 458 m.kr. milli ára eða sem nemur 31,5%.
- Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins nema tæpum 671 m.kr. og lækkar því um 184 m.kr. milli ára. Þar af nemur fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 779 m.kr.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins eru neikvæðar sem nemur 821 m.kr. Þar af námu afborganir langtímalána 249 m.kr. og greidd lífeyrisskuldbinding 551 m.kr.
- Handbært fé í árslok nemur 1.810 m.kr. en nam 2.304 m.kr. í árslok 2019 og hefur því lækkað um rúmar 494 m.kr. milli ára eða sem nemur 21,4%.







# Veltufé frá rekstri








# Fjárfestingar A og B hluta





# Samstæðureikningur

- Lykiltölur
- Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga
  - Þróun rekstrarjafnaðar á þriggja ára tímabili heldur áfram að vera jákvæður og nemur 1.652 m.kr. í árslok 2020.
  - Samanlögð rekstrarafkoma síðustu þriggja ára fyrir óreglulega liði, þ.e. meðal annars uppgjör á lífeyrisskuldbindingum, nemur samtals 1.339 m.kr.
  - Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum nema í árslok 2020 24% en hámarkið er 150%.






# Samstæðureikningur

- Lykiltölur

- Skuldahlutfall, þ.e. skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum hefur farið markvisst lækkandi frá árinu 2016 þegar það nam 99% og nemur það nú 84%.
- Fjárhagsáætlun Akranes gerir ráð fyrir því að skuldahlutfallið muni standa í 89% í árslok 2024.
- Eiginfjárhlutfallið hefur að sama skapi farið hækkandi, frá því að standa í 55% í lok árs 2016 yfir í það að standa í 59% í árslok 2020.

Þróun lykilstærða










# Samstæðureikningur

- Lykiltölur

- Veltufjárhlutfall, þ.e. veltufjármunir sem hlutfall af skammtímaskuldum, nemur 1,9 í árslok 2020 hjá samstæðunni. Það er aðeins undir meðaltali veltufjárhlutfalls áráanna 2016 til og með 2019 sem nemur 2,1.
- Veltufjárhlutfall sýnir sem fyrr hæfi samstæðunnar til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuðum og ætti helst ekki að vera lægri en 1,0 til lengri tíma litið.






# A - hluti

## • Rekstrartekjur


- Útsvör og fasteignagjöld hækkuðu um 199 m.kr. frá árinu 2019 og eru 5.082 m.kr. á árinu 2020. Það 4,08% hækkun milli ára.
- Dregið hefur úr vexti á útsvari og fasteignasköttum milli ára en breytingin er eftirfarandi:
  - 2017-2018 : 10,16 %
  - 2018-2019 : 6,14 %
  - 2019-2020 : 4,08 %
- Framlög Jöfnunarsjóðs hafa lækkað undanfarin ár og eru 1.251 m.kr. á árinu 2020 og lækkuðu því um 130 m.kr. frá árinu 2019 eða um 9,4%.
- Aðrar tekjur lækka um 15,8 m.kr. frá árinu 2019 og eru 804 m.kr. á árinu 2020. Það er lækkun um 1,92%.
- Frávik frá áætlun á tekjur vegna Covid er u.þ.b. 100 millj. kr. Athuga að áhrif Covid eru líklega mun meiri.





# Málefni fatlaðra

- Rekstrarafkoma 2011-2020
  - Á árinu 2018 kemur inn aukaframlag frá Jöfnunarsjóði og er því rekstrarafkoma jákvæð sem nemur 131 m.kr. það árið.
  - Á árinu 2020 er rekstrarniðurstaða neikvæð sem nemur 228 m.kr. eða 97 m.kr. meira tap en á árinu 2019.
  - Á árinu 2020 eru gjöld 45 m.kr. hærra en á árinu 2019 og tekjur 52 m.kr. minni en á árinu 2019.
  - Uppsafnað rekstartap Akraneskaupstaðar af málefnum fatlaða frá tilfærslu frá ríkinu til sveitarfélaga árið 2011 er 609 m.kr.










# A - hluti

- Annar rekstrarkostnaður

- Á árinu 2020 var annar rekstrarkostnaður 2.149 m.kr. eða 30,12% hlutfall af rekstrartekjum.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 166 m.kr. frá árinu 2019 eða um 8,39%. Vísitala neysluverðs á árinu 2020 hefur hækkað um 3,59%.
- Hreinn viðbótarkostnaður vegna Covid á árinu 2020 er u.þ.b. 160 m.kr.
- Annar rekstrarkostnaður hefur hækkað um 600 m.kr. frá árinu 2017 eða um 38,69%.





# Sjóður A - hluta

- Aðalsjóður
  - Hlutverk Aðalsjóðs er umsjón með hefðbundinni starfsemi sveitarfélagsins er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum þess og heyrir sjóðurinn beint undir sveitarstjórn. Starfsemi Aðalsjóðs er að mestu fjármögnuð af skatttekjum.
  - Rekstrartekjur ársins námu 7.121 m.kr. og eru því tæpum 238 m.kr. hærri en áætlanir með viðaukum gerðu ráð fyrir, mismunurinn liggur aðallega í 193 m.kr. hærri skatttekjum en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Áætlun vegna útsvarstekna var endurskoðuð á haustmánuðum 2020 út frá upplýsingum frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.
  - Rekstrargjöld tímabilsins námu 7.427 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð kr. 7.374 m.kr. og voru rekstrargjöld því samtals 53 m.kr. yfir áætlun tímabilsins.
  - Rekstrarafkoma, fyrir fjármagnsliði, er því neikvæð sem nemur 306 m.kr.
  - Fjármagnstekjur, umfram fjármagnsgjöld, námu 544 m.kr. og er því rekstrarniðurstaða ársins fyrir óreglulega liði jákvæð sem nemur 237,7 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 233 m.kr. í rekstrarafkomu tímabilsins.
  - Eignir í árslok nema 13.591 m.kr. og skuldir og skuldbindingar nema samtals 5.186 m.kr. Eigið fé nemur því 8.406 m.kr.






# Aðalsjóður

- Ráðstöfun skatttekna til málaflokka
  - Hlutfallslega fer hæsta hlutfall skatttekna í fræðslu og uppeldismál eða sem nemur 48,1% af heildarskatttekjum Aðalsjóðs.
  - Þar næst kemur Félagsþjónustan með 19,5% af heildarskatttekjum Aðalsjóðs.
  - Áfallin lífeyrisskuldbinding nemur 5,8% af heildarskatttekjum Aðalsjóðs og Æskulýðs- og íþróttamál er með 11,6% af heildskatttekjum Aðalsjóðs.
  - Sameiginlegur kostnaður er með 7,2% sem hlutfall af heildarskatttekjum Aðalsjóðs en var 14,7% á árinu 2017. Ástæða þess er sú að uppgjör á lífeyrisskuldbindingum var gjaldfærð að fullu undir þeim lið eða að fjárhæð 476,6 m.kr.

Ráðstöfun skatttekna til málaflokka





# Aðalsjóður

- Hér sést breyting milli ára á heildarkostnaði ákveðinna málaflokka, hverjar breytingar hafa verið vegna kjarasamninga á árinu og áþreifanlegs Covid kostnaðar.
- Fræðslu og uppeldismál eru að koma betur út þegar tillit er tekið til kjarasamninga og covid kostnaðar en á árinu 2019.
- Félagsþjónustan er umfram árið 2019 um 45,8 m.kr. þegar tekið hefur verið tillit til kjarasamninga og covid kostnaðar. Að öllum líkindum er hér áfram áhrif af covid ástandi sem ekki er eins áþreifanlegur, meðal annars í barnavernd.
- Æskulýðs- og íþróttmál eru umfram árið 2019 um 101 m.kr. þegar tekið hefur verið tillit til kjarasamninga og covid kostnaðar. Á árinu 2020 kemur inn m.a. kostnaður vegna fimleikahúss sem ekki var á árinu 2019 og aukin kostnaður vegna Frístundamiðstöðvar Garðavöllum.

Fjárhæðir í þús.kr.	2019	2020
Fræðslu- og uppeldismál	2.872.534	3.081.628
Félagsþjónusta	1.130.947	1.250.297
Æskulýðs- og íþróttamál	581.952	743.904
Sameiginlegur kostnaður	428.505	461.422
Menningarmál	270.917	236.983
Bruna- og almannavarnir	92.197	75.950
Skipulags- og byggingarmál	85.689	64.053
Aðrir málaflokkar	- 6.125.210 -	6.151.981
Samtals	- 662.469 -	237.744

Fjárhæðir í þús.kr.	Br. milli ára	Kjarasamningar	Covid kostnaður	Annað
Fræðslu- og uppeldismál	209.094	197.018	51.200 -	39.125
Félagsþjónusta	119.350	59.528	14.000	45.822
Æskulýðs- og íþróttamál	161.953	38.337	22.500	101.116
Sameiginlegur kostnaður	32.917	14.979	2.500	15.438
Menningarmál	- 33.934	4.992	3.500 -	42.425
Brunamál- og almannavarnir	- 16.246	6.101	-	22.347
Skipulags- og byggingarmál	- 21.637	3.712	1.000 -	26.348
Aðrir málaflokkar	- 26.772	3.095	42.500 -	72.367
Samtals	424.725	327.761	137.200 -	40.236







# Sjóðir A - hluta

- Eignasjóður
  - Eignasjóður er alfarið í eigu Akraneskaupstaðar og hefur með höndum umsýslu fastafjármuna sem nýttir eru fyrst og fremst af aðalsjóði sveitarfélagsins. Eignasjóður annast meðal annar framkvæmdir, nýbyggingar, rekstur fasteigna og annarra mannvirkja fyrir hönd Akraneskaupstaðar.
  - Rekstrartekjur sjóðsins námu 887,7 m.kr. á árinu og rekstrargjöld sama tímabils námu 822,7 m.kr. Fjármagnsliður voru neikvæðir að fjárhæð 240 m.kr. Óreglulegir liðir voru tekjur að fjárhæð 154,4 m.kr. og komu til vegna gatnagerðargjalda v. þéttingu byggðar. Rekstrartap nam 20,6 m.kr.
  - Eignir í árslok námu 4.299 m.kr., skuldir á sama tíma námu 3.644 m.kr. og Eigið fé nam 655 m.kr.
- Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf.
  - Félagið er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar, 99% með beinni eignaraðild og 1% í eigu einkahlutafélags sem kaupstaðurinn á einnig að fullu.
  - Tilgangur félagsins er að eiga og reka fasteignir, stunda eignaumsýslu ásamt tengdum rekstri.
  - Rekstrartekjur ársins námu 135,7 m.kr., rekstrargjöld á sama tímabili námu 98,7 m.kr. Fjármagnsliður voru neikvæðir að fjárhæð 80,1 m.kr. Rekstrartap tímabilsins nam 43,1 m.kr.
  - Eignir í árslok námu 2.001 m.kr., skuldir á sama tíma námu 1.312 m.kr. Eigið fé í árslok nam 689 m.kr.
- Byggðasafnið í Görðum
  - Hlutverk byggðasafnsins er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningar- sögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi. Byggðasafnið er sameignarfélag og hlutur Akraneskaupstaðar er 90%.
  - Rekstrartekjur ársins námu 83,8 m.kr., rekstrargjöld tímabilsins námu 77,5 m.kr. Rekstrarniðurstaða er jákvæð sem nemur 5,5 m.kr.
  - Eignir í árslok námu 94,4 m.kr., skuldir á sama tíma námu 25,7 m.kr. og Eigið fé nam 68,7 m.kr.





# Sjóðir B - hluta

- Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf.
  - Félagið er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar en óverulegur rekstur er í félaginu en markmið þess er að efla íþróttastarfsemi innan Akraneskaupstaðar.
  - Tap af rekstri félagsins nam 28 þ.kr. á árinu. Eignir í árslok námu 480.780 kr., skuldir námu 147.023 kr. og nam eigið fé í árslok 334.757 kr.
- Gáma
  - Gáma er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar, félagið sér um rekstur móttökustöðvar fyrir sorpúrgang íbúa á Akranesi.
  - Rekstrartekjur félagsins námu 95,6 m.kr. og tap af rekstri félagsins nam 6,4 m.kr. á árinu.
  - Eignir í árslok námu 26,6 m.kr. og heildarskuldir 27,5 m.kr.
  - Eigið fé í árslok var neikvætt um 946 þ.kr.
- Háhiti ehf.
  - Háhiti ehf., er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar og er tilgangur félagsins iðnaðarframleiðsla, innflutningur, smásala og heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
  - Tap af rekstri Háhita á árinu nam 228.345 kr. Eignir félagsins í árslok námu 16.909 kr. og skuldir 1.810.592 kr. Eigið fé var neikvætt um 1.793.683 kr. í árslok 2020.
- Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili
  - Eignarhluti Akraneskaupstaðar í Höfða hjúkrunar- og dvalarheimili nemur 90%.
  - Tekjur Höfða námu 1.096 m.kr. á árinu, gjöld sama tímabils námu 1.118 m.kr. og nam rekstrartap tímabilsins 39,6 m.kr.
  - Eignir í árslok námu 640,3 m.kr. og skuldir námu 437,2 m.kr. Eigið fé nam 203 m.kr. í árslok 2020.





# Höfði

- Rekstrarafkoma Höfða 2014-2020

- Á árinu 2014 var gjaldfærð lífeyrisskuldbinding 114,4 m.kr. og 95,3 m.kr. á árinu 2015.
- Á árinu 2016 var rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði neikvæð um 32,7 m.kr. Lífeyrisskuldbinding var yfirtekin af ríkissjóði og eignaraðilum að fjárhæð 924,8 m.kr. og var það rekstrarafkoma jákvæð um 892,1 m.kr.
- Árið 2018 er eina árið sem náðst hefur hagnaður af rekstri en rekstrarafkoma var jákvæð um 5,2 m.kr.

